



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gátlista til leikskóla**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 11. desember 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Á tímabilinu 1. júní 2022 – 27. nóvember 2023 voru ekki sendir gátlistar frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs á stjórnendur leikskóla í Reykjavík, sbr. svar skóla- og frístundasviðs, dags. 30. nóvember 2023, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 27. nóvember 2023. En á það svar einnig við um allar stoðdeildir skóla- og frístundasviðs, þar með talið starfsstöðva sem falla undir Nýsköpunarsmiðju menntamála (NýMið)? Sem sagt, sendi engin starfsstöð miðlægrar stjórnsýslu skóla- og frístundasviðs gátlista til stjórnenda leikskóla á tímabilinu 1. júní 2022 – 27. nóvember 2023?*

#### **Svar:**

Í fyrra svari við fyrirspurn um gátlista til leikskóla sem lagt var fram í skóla- og frístundaráði 27. nóvember 2023, kom fram að ekki hafi verið sendir gátlistar frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs á umræddu tímabili á stjórnendur leikskóla. Að betur athuguðu máli kemur í ljós að Jafnréttisskólinn sendi gátlista til leikskólastjórnanda sem einnig er vistaður á vef Menntastefnu Reykjavíkur, menntastefna.is [Jafnréttisgátlistar fyrir starfsfólk - Menntastefna](#). Þar er að finna jafnréttisgátlista fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundastarf sem nýtast vel fyrir starfsfólk til að ræða og íhuga hversu vel er gætt að margbreytileika og jafnrétti á starfsstaðnum.